

Stjórnarháttayfirlýsing 2017 Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

Inngangur

Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er hlutafélag sem stofnað var 1. maí 1985 en félagið hét Sameinaða líftryggingafélagið hf. (Samlíf) til loka ársins 2003. Félagið á sér þó lengri sögu eða allt frá árinu 1934 þegar líftryggingastarfsemi hófst hér á landi með stofnun Líftryggingadeildar Sjóvár, sem í samræmi við lagabreytingu á árinu 1976 var breytt í hlutafélag undir heitinu Líftryggingafélag Sjóvár.

Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995¹, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016² og lögum um váttryggingasamstæður nr. 60/2017 í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008³ eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006⁴.

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerð um váttryggingastarfsemi nr. 585/2017⁵. Stjórn félagsins endurnýjaði starfsreglur sínar þann 15. febrúar 2017 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst var við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins útgefnunum í maí 2015⁶ við ritun stjórnarháttayfirlýsingarinnar.

Eignarhald og þjónustusamningur

Hluthafar í Sjóvá lífi eru tveir talsins. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) eiga 99% hluta og Sjóvá Forvarnahúsið ehf. á 1% hluta. Hlutfé nam 82 m.kr. í árslok 2017.

Sjóvá líf hefur gert þjónustusamning við Sjóvá er lýtur að alhliða þjónustu Sjóvár við Sjóvá líf og viðskiptavinum félagsins. Allur daglegur rekstur félagsins er í umsjá Sjóvár.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Sjóvá líf starfar eins og framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti og uppfyllir ákvæði þeirra, en á því eru eftirfarandi undantekningar sem hér eru tilgreindar.

Í grein 1.1 eru tilgreindar kröfur þess efnis að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt að hluta til eða öllu leyti og greitt atkvæði án þess að vera á staðnum. Stjórn Sjóvár lífs hefur hingað til ekki talið réttlætanlegt að uppfylla þessar kröfur að teknu tilliti til samsetningar hluthafahópsins. Fundarboð hluthafafunda hafa ekki verið auglýst opinberlega með tilskyldum boðunarfresti, og hafa hluthafar lýst yfir að þeir falli frá boðunarfresti til þeirra.

Í grein 1.5 er fjallað um skipan og hlutverk tilnefningarnefndar sem er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu. Stjórn Sjóvár lífs hefur ekki talið þörf á að skipa sérstaka tilnefningarnefnd. Það er mat stjórnar Sjóvár lífs að núverandi fyrirkomulag framboða og stjórnarkjörs hafi gefist vel. Stjórnarmenn þurfa að standast sérstakt hæfismat FME.

¹ www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html

² www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html

³ www.althingi.is/lagas/nuna/2008079.html

⁴ www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html

⁵ www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=3f951865-2127-41b0-aad3-9a8f19a530a6

⁶ <http://leidbeiningar.is/>

Starfskjaranefnd sem tilgreind er í grein 5.4 og 2.7 hefur heldur ekki verið skipuð þar sem daglegum rekstri Sjóvár lífs og þar með starfsmannahaldi er sinnt af Sjóvá.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Félagið er dótturfélag Sjóvá-Almennra trygginga hf. Formaður stjórnar félagsins er forstjóri móðurfélagsins. Hluthafar Sjóvár lífs hafa því greiðan aðgang að stjórn þess. Allri daglegri starfsemi Sjóvár lífs er útvistað til Sjóvár. Fjármálastjóri móðurfélags er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvár lífs.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Sjóvá líf hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingafélög eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá og Sjóvá líf lúta eftirliti FME og hafa félögin komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta. Sjóvá hefur sett sér áhættustefnu sem tryggir heildarsýn yfir áhættur félagsins, þar með taldar áhættur er snúa að rekstri Sjóvár lífs, og samhæfða stýringu þar á.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Lögð er áhersla á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi og starfsemi Sjóvár lífs er í góðu samræmi við þrjár varnarlínur innra eftirlits. Unnið er að því að taka saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir kleift að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Fyrsta varnarlína var metin sterk. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, árlegt eigið áhættu- og gjaldþolsmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og auðvelda félaginu að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórar Sjóvár funda að lágmarki árlega með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega váttryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur

tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni sem starfssviðið hefur framkvæmt, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum. Vottunin staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins sem og uppfylli tilmæli FME um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila nr. 2/2014⁷.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum Deloitte ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2013 fyrir rekstrarárin 2013-2017. Innri endurskoðun er útvistað til KPMG ehf.

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn samþykkti endurskoðaðar starfsreglur sínar 15. febrúar 2017. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu, og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefndar stjórnar, endurskoðunarnefndar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið félagsins náist. Mat stjórnar á eigin störfum fór fram 15. febrúar 2017.

Áhættustefna Sjóvár var samþykkt 12. desember 2017. Stjórn Sjóvár hefur samþykkt siðareglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrir samstæðuna. Samþykktir Sjóvár lífs, starfsreglur stjórnar Sjóvár lífs, starfsreglur endurskoðunarnefndar Sjóvár lífs, stefna Sjóvár um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn

Stjórn Sjóvár lífs er skipuð þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum. Aðalmenn eru Hermann Björnsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvardsdóttir og Heiðrún Lind Marteinsdóttir. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir og Grétar Dór Sigurðsson. Stjórnin fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár lífs telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Formaður stjórnar er starfsmaður Sjóvár en aðrir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Grétar Dór Sigurðsson, varamaður í stjórn er jafnframt óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

Hermann Björnsson, stjórnarformaður, fæddur 15. febrúar 1963 til heimilis í Reykjavík. Hermann Björnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnnum Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna, líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. og Samtaka fjármálafyrirtækja.

⁷ www.fme.is/log-og-tilmaeli/leidbeinandi-tilmaeli/nr/2042

Hann situr í stjórnnum Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og Samtaka atvinnulífsins. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011.

Hafdís Böðvarsdóttir, fædd 21. september 1969 til heimilis í Garðabæ. Hafdís er löggiltur endurskoðandi, 1997 og Cand.Oecon. frá Háskóla Íslands 1993. Hafdís er sjálfstætt starfandi en starfaði áður sem forstöðumaður hjá Landsbankanum hf. 2011-2012, framkvæmdastjóri Avant hf. 2011 og fjármálastjóri sama félags 2008-2011. Endurskoðandi og eigandi hjá KPMG ehf. 1999-2007 og áður sem starfsmaður frá 1993. Hafdís var formaður endurskoðunarnefndar Aska Capital hf. 2009-2010 og sat í endurskoðunarnefnd Reita hf. frá 2013-2015.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, fædd 3. júlí 1979 til heimilis í Reykjavík. Heiðrún Lind er með meistaraþráðu frá lagadeild Háskólans í Reykjavík 2007. Sama ár öðlaðist hún réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi. Heiðrún hefur einnig lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Heiðrún er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi en hún starfaði áður sem lögmaður á LEX lögmannsstofu frá 2006 og var í hluthafahópi fyrirtækisins frá 2012-2016. Hún hefur einnig sinnt kennslustörfum við lagadeild Háskólans á Bifröst á sviði samkeppnisréttar, auk þess að hafa komið að kennslu á námskeiði til öflunar málflytningsréttinda fyrir héraðsdómi.

Varamenn í stjórn

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónasviðs, en var framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Sjóvár frá 2015, og þar áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar frá 2012. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Hún starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórnnum Valitors hf., Símans hf., Radíómiðunar ehf. og Staka Automation ehf.

Grétar Dór Sigursson, fæddur 27. febrúar 1982, til heimilis á Seltjarnarnesi. Héraðsdómslögmaður frá árinu 2008. M.Jur. frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2008. Grétar hóf störf sem fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur í september 2007 en varð meðeigandi að stofunni 1. maí 2012. Grétar sat í stjórn Orators, félags laganema, veturinn 2004-2005. Hann hefur annast kennslu í samningarétti í námi til löggildingar fasteignasala auk stundakennslu í félagarétti við lagadeild Háskóla Íslands.

Stjórn Sjóvár lífs fundaði sex sinnum á árinu 2016. Mætingu stjórnarmanna var þannig háttað að allir fundir voru fullmannaðir en einu sinni var kallaður til varamaður í stjórn þar sem einn stjórnarmaður sótti fundinn í gegn um síma.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár

og Sjóvár lífs skipa Finnur Sveinbjörnsson, formaður, Kristín Egilsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftast ef þurfa þykir. Nefndin átti 6 fundi árið 2017. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórn og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra Sjóvár og stjórn Sjóvár lífs. Fundir voru fullskipaðir nefndarmönnum að frátöldum einum þar sem einn nefndarmaður boðaði forföll. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og rýni starfsreglna, kynning á útreikningi váttryggingaskuldar, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, rýndi stefnu um innra eftirlit og innri endurskoðun, kynnti sér útreikninga váttryggingaskuldar, skýrsluskil til FME og tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar og lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á fjárfestingar, eftirlitsumhverfi, lausafjárstýringu og sviksemisáhættu.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri Sjóvár lífs er Ólafur Njáll Sigurðsson, fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri fjármálasviðs Sjóvár, staðgengill forstjóra og framkvæmdastjóri Sjóvá Forvarnahússins ehf. og Keira 1 ehf. en engin dagleg starfsemi er í tveimur síðarnefndu félögunum. Ólafur Njáll er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1984. Hann var fjármálastjóri hjá Latabæ ehf. 2004-2009 og forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins hf. 1990-2004. Hann starfaði sem fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins hf. 1987-1989 og bókari og aðalbókari hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1982-1987. Ólafur Njáll situr í stjórnnum Sigurðar Njálssonar ehf. og Ásgeirs Péturssonar ehf.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár lífs eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.
14. febrúar 2018